

## AUGLÝSING

### um viðauka III og V við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum.

Hinn 30. júní 1989 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent samþykktarskjal Íslands vegna viðauka III og V við alþjóðasamning frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og honum var breytt með bókun frá 17. febrúar 1978, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1985 þar sem samningurinn er birtur ásamt bókuninni.

Viðauki V öðlast gildi 30. september 1989 að því er Ísland varðar. Tilkynt verður um gildistöku viðauka III síðar.

Viðaukarnir eru ekki birtir með auglýsingu þessari en hægt er að fá aðgang að texta þeirra í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. júlí 1989.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

---

*Hannes Hafstein.*